



Garðar við Sörlastaði í Fnjóskadal

Skýrsla um snið í túngarða 2020



Bjarni F. Einarsson
2020

Forsíðumyndin sýnir snið í túngarðinn. Sjá má yngri garðinn yfir vatninu og þann eldri rétt gægjast upp úr því neðan við svarta lagið sem liggur í boga um vatnsflötinn. (Stafrænar myndir nr. 14. Horft mót NNV. Ljósm. BFE).

FORNLEIFAFRÆDISTOFAN

Unnið fyrir Landsnet.

© Bjarni F. Einarsson
Febrúar 2020.



Mynd 1. Yfirlit yfir rannsóknarsvæðið og Sörlastaði. (Stafr. myndir nr. 19. Horft mót NNA. Ljósm. BFE).

Inngangur

Að beiðni Landsnets og að kröfu minjavarðar N-Austurlands tók undirritaður að sér að grafa þversnið í túngarða í landi Sörlastaða í Fnjóskadal, S-Þingeyjarsýslu, sem voru í hættu vegna framkvæmda (fornleifar nr. 6:1 og 8:1).

Aðstoðarmaður við rannsóknirnar var Kristján Mímisson fornleifafraeðingur og doktorsnemi. Rannsóknin fór fram dagana 16.–17. október síðastliðinn. Veður var ágætt en jarðvegur mjög blautur vegna rigninga samanber forsíðumynd. Bleytan hafði ákveðin áhrif á rannsóknina (tafði lítillaga því erfitt var að tæma skurðina af vatni sem kom jafnharðan, en það hafði ekki áhrif á niðurstöður).

Húsið á Sörlastöðum stóð okkur til boða á meðan á rannsókn stóð og þáðum við það. Milligöngu um það hafði Hermann Herbertsson í Fjósatungu, eftirlitsmaður Sörlastaða. Hann var einnig fjölfróður um staðhætti á Sörlastöðum, enda alinn þar upp. Er honum þökkuð ánægjuleg kynni.

Annar garðurinn var túngarður utan um Sörlastaði (nr 6:1) en hinn (nr. 8:1) reyndist vera náttúrumyndun.

Fulltrúi verkkaupa var Jón Ágúst Jónsson hjá Eflu verkfræðistofu.

Markmið rannsóknarinnar

Markmið rannsókna var að kanna gerð túngarðanna og mögulegan aldur þeirra. Einnig skyldi kanna hvort eldri garðar leyndust undir.

Staðhættir

Sörlastaðir eru skammt frá fjallsrótum Bæjarfjalls í dálitlum halla innarlega í austanverðum Fnjóskadal, rétt utan við minni Timburvalladals. Víða eru bleytur í túninu og lækir sem komið hafa og horfið í leysingum. Hinn meinti garður nr. 8 er neðan við túngarðinn á flötunum sem þar eru. Einkennist svæðið þar af áreyrum sem hafa gróið upp að nokkru leyti.



Mynd 2. Túngarðurinn fyrir rannsókn. Sniðið var tekið við endann, þar sem sést í mól sem er úr slóðanum. (Stafr. myndir nr. 1. Horft mót NNW. Ljós. BFE).

Garðar fyrir rannsókn

Túngarðinum er lýst svo í fornleifaskrá 12.9.2017:

Túngarður.

Garðurinn umlykur allan bæinn á þrjár hliðar. Breidd hans er 1 - 2 m og hæð hans 0,1 - 0,6 m. Hann er úr torfi.

Garðurinn er víða rofinn af lækjar-sytrum.

Grilla má í pælu að innanverðu. Hann er vel gróinn grasi.

Mjög nýlega (2012) hefur hluti garðsins verið fjarlægður af vélgröfu og efnið notað til að styrkja staur nr. 371.



Mynd 3. Túngarðurinn 12.9. 2012. (Horft mót NV. Ljós. BFE).

Garði nr. 8 er lýst svo í fornleifaskrá sama dag:

Garður.

Garðurinn er mjög út flattur og ógreinilegur á vestasta kaflanum. Breidd hans er um 3 - 4 m og hæðin 0,1 - 0,2 m. Liggur hann í A - V.

Austur endi hans liggur að slóða og yngri túngarð (nr. 6:1), en þar hverfur hann hugsanlega í yngri túngarðinn.



Mynd 4. Hinn meinti garður nr. 8 þann 12.9.2012. (Horft mót VNV. Ljós. BFE).

Rannsóknin

Ákveðið var að byrja á báðum

görðunum samtímis. Í hinn meinta garð var grafinn 0,55 x 2,82 m stór skurður þvert á hann (NA–SV). Þegar komið var niður um 0,56 m kom í ljóst fremur þykkt svart gjóskulag í NA-horni skurðarins. Rétt undir því (4 sm) varð vart við fáein viðarkol. Mest var grafið niður um 0,74 m og sáust engin mannvirki. Hins vegar sáust malarlinsur báðum megin við hinn meinta garð og ljóst að tilurð þeirra má rekja til flóða í lækjum sem myndast þegar mikil rigning á sér stað. Slíkt mun hafa gerst oft samkvæmt staðkunnugum, Hermanni, sem var okkur innan handar með skálann. Í viðbót við örnefnaskrá segir t.d. svo um Bæjarána á Sörlastöðum: „... en í hláku á vetrum og sérstaklega í leysingum á vorin gat hún orðið óhemja hin mesta, fleygðist þá fram skollituð og oft flagmórauð með miklu vatnsmagni og grjótkasti, svo erfitt gat orðið að komast yfir hana.“ (Örnefnaskrá, viðbætur). Er því þessi meinti garður úr sögunni.


Við túngarðinn var ákveðið að setja könnunarskurðinn í gegnum enda hans sem lá við slóðann sem fer í gegnum hann (sjá mynd 2 og 5). Var skurðurinn 0,5 x 1,82 m stór (NA–SV).

Undir grasrótinni var komið niður á sjálfann garðinn sem var úr hreinu torfi eða streng. Hvergi sást grjót. Báðar hliðar voru lóðréttar, en þó orlaði á því að garðurinn drægist saman að innanverðu (austan). Ekki þótti ástæða til að taka gjóskusýni úr garðinum þar sem aldur hans liggur nokkuð ljóst fyrir. Hann sést á túnakorti frá 1918 og hefur líklega verið hlaðinn á 17–19. öld. Breidd hans var 0,90 m og hæðin 0,42 m.

Rétt undir garðinum kom í ljós frekar þykkt svart gjóskulag sem er líklega sama lag og sást í sniðinu í gegnum hinn meinta garð. Úr því var tekið gjóskusýni (sýni 1). Greining leiddi í ljós að um Heklulag var að



Mynd 5. Yfirlit yfir garðana og staðsetningu sniðsins í hinn meinta garð, nr. 8. (Stafr. myndir nr. 2. Horft mót VNV. Ljós. BFE).



Mynd 6. Túnakort Sörlastaða frá 1918. Niðri er rétt sem enn er á staðnum. (Þjóðskjalasafn Íslands).

ræða frá 1300 e.Kr. Undir þessu gjóskulagi kom svo annar garður í ljós sem hefur verið nokkuð umfangsmeiri en sá fyrrnefndi. Hefur hann allavega verið 1,5 m á breidd neðst og hæðin var a.m.k. 0,65 m eins og hann er nú. Vegna vatnsaga í sniðinu var ekki hægt að grafa niður fyrir garðinn svo að öruggt væri, en líklega tókst það. Þessi garður var einnig úr streng. Hugsanlega hefur verið kjarni í miðjunni úr afskurðum, en slíkt er vel þekkt, bæði í veggjum hóbýla og görðum. Eitt sýni var tekið úr streng í garðinum (sýni 2). Reyndist sýnið vera gjóska úr Grímsvatnakerfinu frá miðri 12. öld e.Kr.

Garðurinn dróst saman þegar ofar dró og meira að vestanverðu. Líklega hefur hann verið um 0,72 m breiður efst.


Ofan á hinu þykka gjóskulagi var mannvistarlag (lag 4) sem lá upp að garðinum að austanverðu. Í því voru viðarkol og beinamulningur. Það hefur komið til eftir að gjóskan féll en áður en yngri garðurinn var byggður.

Í örnefnalýsingu segir um túngarðinn á Sörlastöðum: „Hlaðinn er hann úr grjóti að norðan, austan og sunnan, en grashnausum eða strengjum að vestan. Nokkur hluti garðsins að austan (sunnan til) og ennfremur neðsti hluti garðsins að sunnan er þó og úr því efni gjörður.“ (Örnefnaskrá, viðbætur). Yfirleitt var túngarðurinn kallaður Vallargarðurinn og mun hafa verið svo vel hlaðinn að hann var næstum óhagganlegur¹ og tímans tönn lítt á honum unnið. Á honum voru átta hlið. Túnið á Sörlastöðum var um 22 dagssláttur.

Samkvæmt Grágás og Jónsbók áttu svokallaðir löggarðar að vera 1,25 – 1,5



Mynd 7. Sniðið í túngarðinn á Sörlastöðum. Sjá má tókustaði sýna. (Stafr. myndir nr. 22 með viðbótum. Ljós. BFE).



Mynd 8. Sniðteikning af túngarðinum á Sörlastöðum og afstaða yngri og eldri



Mynd 9. Túngarðurinn fullrannsakaður. Sjá má hið þykka svarta gjóskulag á milli garðanna tveggja (Stafr. myndir nr. 22. Ljós. BFE).

¹ Þessi lýsing á gæðum túngarðsins er mjög á skjön við lýsingu frá árinu 1837 sem segir almennt um túngarða í sveitinni að: „Túnasléttun er hér ekki reynd en túngörðum er ómögulegt við að halda vegna rótleysis til hnausa, eins og að hlaða fyrir skriður, þó reynt sé.“ (Sýslu- og sókarlýsingar 1994:55).

m á þykkt neðst og 0,75 – 0,90 efst. Hæð þeirra skildi taka meðalmanni í öxl eða u.þ.b. 1,5 – 1,6 m (Grágás 1992:12. Jónsbók 2004:178).

Árið 1776 kom þúfnatilskipunin svokallaða (Kristmundur Bjarnason 1978). Í tilskipuninni er kveðið á um að öll tún skyldi girða torf- eða grjótgörðum, verði því við komið. Áttu garðarnir að vera a.m.k. 1,23 – 1,43 m á breidd að neðan og hæð þeirra átti að vera 0,98 – 1,14 m (ibid 1978:35).

Elstu túngarðar á Íslandi eru yfirleitt úr torfi einu saman og líklega eiga ákvæði Grágásar og Jónsbókar við slíka garða. Þegar kemur fram á miðaldir taka grjótgarðar að birtast, en líklega hafa þeir ekki náð verulegum vinsældum fyrr en á seinni öldum. Elsti grjótgarður sem rannsakaður hefur verið er líklega Fornigarður í Selvogi (Bjarni F. Einarsson 2006). Hann er þó ekki túngarður, heldur sennilega sandvarnargarður utan um byggðina í Selvogi. Fornigarður var hlaðinn einhvern tímum á tímabilinu 1104 - 1220-26 e.Kr. (ibid 2006:226).

Svipaður garður mun vera svokallaður Skagagarður á Garðskaga sem að mati Kristjáns Eldjárns var „*ævafor*“ (Kristján Eldjárn 1977:117). Eitthvað var af jarðvegi í garðinum að sögn Kristjáns.

Garðar voru til margra hluta nytsamlegir. Þeir kölluðust ýmsum nöfnum sem gáfu vísbendingar um hlutverk þeirra eins og göngugarður, engjagarður, vörslugarður, kálgarður og jafnvel kirkjugarður. Sumir garðar gátu þjónað fleiru en einu hlutverki og aðrir þóttu svo merkilegir að þeir fengu nöfn eins og Ranglátur í Vatnsleysu gæti verið dæmi um (Bjarni F. Einarsson 2006. Árni Einarsson 2019).

Eins og áður kom fram var eitt markmiðanna að kanna hvort eldri leifar kynnu að leynast undir görðunum og svo reyndist vera í öðru tilfallinu. Hvort þetta sé einnig túngarður utan um býlið eða ekki verður ekki mikið sagt. Líklegast er þó að þetta sé eldri túngarður býlisins, en svo virðist hafa liðið nokkuð langur tími þar til hann var aftur byggður á þessum stað og þá ofan á upphækkun vegna hins eldri túngarðs og hún nýtt svo ekki þyrfti að byggja hærra en raun bar vitni, en samt halda sig við lögin, Þúfnatilskipunina.

Sögubrot

Elsta ritheimild um Sörlastaði er í Munkaþverármáldaga frá 1318 og þar er bærinn kallaður Saurlastaðir. Þar kemur fram að klaustrið í Munkaþverá á geitabú á bænum. (Ísl. Fornbréfasafn II 1893:486). Næst er bæjarins getið í skrá yfir eignir Munkaþverárklosturs árið 1446. (Ísl. Fornbréfasafn IV 1897:699). Síðasta dæmið sem nefnt er hér er í áður nefndum máldaga árið 1461, þar kölluð Sollastaðir (Ísl. Fornbréfasafn V) 1899–1902:303).

Árin 1686 /1696 voru Sörlastaðir 20 hundraða jörð (Björn Lárusson 1967:291) og einnig árið 1712 (Jarðabók 1943:86). Var þetta jarðamat í herra lagi í sveitinni. Árið 1847 var jarðarmatið hið sama og áður var (Johnsen 1847:319).



Mynd 10. Drónamynd af bæjarstæði Sörlastaða. Staðsetning prufuhola eru sýndar uppi til vinstri. Gamla bæjarstæðið stóð suður af bænum samkvæmt örnefnaskrá (viðbætur) og var fluttur þaðan um miðja 19. öld. Önnur heimild segir að bærinn hafi verið fluttur tvisvar sinnum, síðast vegna skriðuhlaupa. Hvar hann stóð fyrst liggur ekki fyrir. Í örnefnaskrá (viðbætur) er einnig minnst á fornar tættur neðar í túninu og undir það er tekið hér, þó með vissum fyrirvara. Þar gæti bærinn hafa staðið fyrst. (Stafr. myndir nr. 25. Drónamynd 2019-94-03. Norður vísar til hægri. Ljós. BFE).

Árið 1712 er ábúandi Sörlastaða Þorlákur Jónsson. Er kostum jarðarinn líkt við Reyki í sömu sveit sem meðal annars þýddi að skógur til kolagerðar var nægur en ekki til húsaviða, torfrista var slök og að túninu spillti bæjarlækurinn öðru hverju með grjótaburði. Skepnur voru þrjár kýr, ein ær, 28 sauðir eldri en tvævetur, 10 veturgamlir sauðir, 20 lömb, níu geitur, einn hafur veturgamall, tveir hestar og tvö hross. Á fóðrum var hægt að hafa fjórar kýr. (Jarðabók 1943:86–87). Í manntalinu árið 1703 er áður nefndur Þorlákur bóndi á Sörlastöðum 45 ára en talinn vanheill. Í manntalinu er bærinn kallaður Sallastaðir. Kona Þorláks var Margrét Einarsdóttir 39 ára og heil. Þau áttu þrjú börn, Einar, Gunnvör og Sesselú, 2 - 5 ára. Einnig bjuggu á bænum Jón Pálsson 11 ára, Sigríður Jónsdóttir 32 ára og Ingibjörg Helgadóttir 52 ára og vanheil.

Árið 1816 eru talsvert fleiri í heimili eða 16 mans. Bóndi var Þórður Pálsson 44 ára og kona hans Björg Halldórsdóttir 37 ára. Börnin voru 10 á aldrinum 2.–17 ára. Að auki bjuggu á bænum Jón Jónsson vinnumaður 23 ára og vinnukonurnar Þorbjörg Jónsdóttir 55 ára og María Árnadóttir 23 ára og niðursetan Þórunna Árnadóttir 61 árs. (Manntal á Íslandi 1816:1009–1010).

Árið 1825 flytur Guðlaugur Pálsson að Sörlastöðum og við tekur svo Jón ríki Gunnlaugsson árið 1853 og þar býr hann til ársins 1889. Við tók

Ólafur Guðmundsson frá Hjaltadal og voru niðjar hans búandi á Sörlastaðum þar til hún fór í eyði 1957. (Olgeir Lúthersson 1957:10).

Niðurstaða

Sörlastaðir á sér býsna langa sögu og sennilega nær hún mun lengra aftur í aldir en elstu ritaðar heimildir segja til um. Gæti sú saga náð aftur á 9.–10. öld.

Niðurstaða rannsóknarinnar á gördunum sýnir að hinn meinti túngarður nr. 8 er náttúrunnar smíð, en túngarður nr. 6 ekki. Sá síðarnefndi, túngarðurinn eða Vallargarðurinn, er líklega frá 17.–19. öld og hefur verið notaður þar til jörðin fór í eyði 1957.

Undir túngarðinum fannst mun eldri garður sem er eldri en 1300 og yngri en um 1150. Báðir garðarnir voru hlaðnir upp með streng á þeim kafla sem rannsakaður var.

Á 19. öld geisaði herferð gegn torfhúsamenningu þjóðarinnar og var torfhúsum og mannvirkjum úr torfi fundið allt til foráttu og talin megin ástæðan fyrir slægu heilsufari þjóðarinnar á þeim árunum. Í kjölfarið fékk torfið á sig kotungs- og fátækrahlæ og steinninn/steypan hafinn til skýjanna. Ljúkum við skýrslu þessari á orðum eins andstæðingum torfmenningarinnar um leið og við sendum þau aftur til föðurrúsanna:

„Jeg get og ímyndað mjer, að túngarðar og kálgarðar yrðu, þegar stundir líða byggðir úr eintómum steini, einkum þegar menn hafa fengið sannfæringu fyrir því af eigin reynslu, að nægilegar kalktegundir sjeu í landinu. Kálgarða, heygarða og túngarðahleðsla úr moldarhnausum er hið mesta klúður; það hefir gjört hinn stærsta jarðusla hjer á landi, og það er varla mögulegt að tala um nokkrar verulegar framfarir í jarðrækt vorri, meðan þetta jarðrót heldur á fram hjá oss ár eptir ár; mannsaldur eptir mannsaldur og öld eptir öld, eins og vjer líka Íslendingar aldrei getum vænt að ná góðu heilbrigðisástandi í þeim núverandi híbýlum vorum, meðan þessir moldarkofar eru vor daglegu híbýli.“ (J. Hjaltalín 1879:6).

Heimildir

Árni Einarsson. *Tíminn sefur. Fornaldargarðarnir miklu á Íslandi*. Mál og menning. Reykjavík 2019.

Bjarni F. Einarsson. „Garður er granna sættir.“ *Árnesingur VII*. Ritst. Gunnar Marel Hinriksson, Már Ingólfur Másson, Skúli Sæland og Þorsteinn Tryggvi Másson. Sögufélag Árnesinga. Reykjavík 2006. Bls. 205-230.

Björn Lárusson. *The old Icelandic land registers*. Lund 1967.

Grágás. Lagasafn íslenska þjóðveldisins. Gunnar Karlsson, Kristján Sveinsson og Mördur Árnason sáu um útgáfuna. Reykjavík 1992.

Íslenskt fornbréfasafn sem hefir inni að halda bref og gjörninga, dóma og máldaga, og aðrar skrár. Hið íslenska Bókmenntafélag. Annað bindi 1253–1350. Kaupmannahöfn 1893.

Íslenskt fornbréfasafn sem hefir inni að halda bref og gjörninga, dóma og máldaga, og aðrar skrár. Hið íslenska Bókmenntafélag. Fjórða bindi 1265–1449.

- Kaupmannahöfn 1897.
- Íslenskt fornbréfasafn* sem hefir inni að halda bref og gjörninga, dóma og máldaga, og aðrar skrár. Hið íslenska Bókmenntafélag. Fimmta bindi 1330–1476.
- Kaupmannahöfn 1899–1902.
- Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. Gefin út af Hinu íslenska fræðafélagi í Kaupmannahöfn með styrk úr ríkissjóði Íslands. Ellefta bindi. Þingeyjarsýsla. Kaupmannahöfn 1943.
- Johnsen, J. *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn 1847.
- J. Hjaltalín. „Um byggingar, kalkbrennslu og steinsmíði.“ *Heilbrigðistíðindi*. Nr. 1. A. Janúarmán. 1879. Bls. 5-6.
- Jónsbók*. Lögbók Íslendinga hver samþykkt var á alþingi árið 1281 og endurnýjuð um miðja 14. öld en fyrst prentuð árið 1578. Már Jónsson tók saman. Reykjavík 2004.
- Kristján Eldjárn. „Skagagarður - fornmannaverk.“ *Árbók Ferðafélags Íslands 1977*. Landið og heimahagar. Bls. 107-119.
- Kristmundur Bjarnason. *Saga Dalvíkur 1*. Dalvíkurbær, 1978.
- Manntal á Íslandi árið 1703*. Tekið að tilhlutan Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Gefið út af Hagstofu Íslands. Reykjavík 1924–1947.
- Manntal á Íslandi 1816*. Prentað að tilhlutan Ættfræðifélagsins með styrk úr ríkissjóði. VI. hefti. Reykjavík 1974.
- Sýslu- og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839–1844*. Þingeyjarsýslur. Gott mál. Reykjavík 1994.
- Túnakort*. Sörlastaðir. Þjóðskjalasafn Íslands.
- Olgeir Lúthersson. „Grein úr Fnjóskadal.“ *Þjóðviljinn* 7. desember 1957.
- Örnefnaskrá. Sörlastaðir. Örnefnasafn. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.
- Örnefnaskrá. Sörlastaðir. Viðbætur. Örnefnasafn. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Tæknilegar upplýsingar**Rannsóknarstaður:**

Rúst nr. 6 og 8 í landi Sörlastaða í Hálshreppi, S-Þingeyjarsýslu.

Verkkaupi:

Landsnet.

Ábyrgðaraðili og stjórnandi:

Bjarni F. Einarsson, Fornleifafræðistofunni.

Leyfi fornleifaneftdar:

7. okt. 2019.

Leyfisnúmer:

201910-0009.

Rannsóknarnúmer Þjóðminjasafns:

2019-94

Starfsmenn:

Bjarni F. Einarsson, stjórnandi.
Kristján Mímisson, fornleifafræðingur.

Forvarsla:

Engin.

Rannsóknartími:

16. – 17. okt. 2020.

Megin niðurstaða:

Undir fornleifum 6:1, túngarði utan um Sörlastaði, reyndist vera forn garður. Var hann undir svörtu gjóskulagi sem var frá Heklu 1300. Í garðinum sjálfum var gjóskulag úr Grímsvatnakerfinu frá miðri 12. öld. Fornleifar nr. 8:1 reyndust aftur á móti vera náttúrumyndun.

Hnitakerfi/hæðarkerfi:

Eigið.

Grafinn flötur:

$1,551 + 0,91 \approx 2,46$ fermetrar.

$2,8 + 2,5 \approx 5,3$ rúmmetrar.

Geymsla gagna:

Frumgögn (frumteikningar) munu verða færð Þjóðminjasafni Íslands til geymslu.

Skýrsla hjá:

Fornleifafræðitofunni, Minjastofnun Íslands o.fl.

Skrár:

Gjóskugreining eftir próf. Þorvald Þórðarson	Bls. 12
Stafrænar myndir	13
Sýnaskrá	18
Teikningaskrá	19

Gjóskusýni frá Sörlastaðum í Fnjóskadal.

Sýni 1 (Sö-1a og 1b) Sörlastaðir. Gjóskulag sem leggst ofan á eldri túngarð.

Þetta gjóskulag hefur tvíþætta samsetningu. Einn hlutinn er basískur og hefur frekar dreifða samsetningu, sem kerfisbundið fellur inná og við samsetningarsvið basalt gjósku frá Öskjukerfinu (sjá plott fyrir gjóskusýni frá Fnjóskadal, röð 3). Góður hluti af gagnapunktunum fellur einnig að jafnaði innan samsetningarsviðs Bárðarbungu-Veiðivatnakerfisins, enda er kerfin lík á þessu samsetningarbili. En þessi hluti stemmir vel og sannfærandi við samsetningu V1477 eða LNL og dreifing gagnanna passar betur við Öskjusamsetningu. Þess vegna tel ég þennan hluta sýnisins vera úr Ösku og hugsanlega gæti tilheyrt gjóskulaginu sem myndaðist þar í gosi á fyrri hluta 14 aldar.

Hinn þátturinn er ísúr til súr gjóska og hefur samsetningu sem bendir til uppruna í Heklu (sjá plott fyrir gjóskusýni frá Fnjóskadal, raðir 4 og 5). Ísúri þátturinn er ráðandi og hefur samsetningu sem er dæmigerð fyrir íslandít frá sögulegum Heklu gosum (s.br. þrjú síðustu plottin í röð 5). Miðað við þekkingu okkar á dreifingu gjósku í sögulegum Heklugosum og afstöðu Fnjóskadals í því tilliti, þá kemur ekkert annað Heklugos til greina nema H1300. Niðurstöður efnagreininganna gefa samsetningu sem svipar til þekktrar samsetningar á íslandíti frá gosinu í Heklu árið 1300, en þó eru niðurstöðurnar ekki afgerandi (sjá þrjú síðustu plottin í röð 5). En þar sem ekkert annað sögulegt Heklugos af þessari samsetningu kemur til greina, þá er niðurstaðan sú að þetta sé gjóska úr Heklugosinu 1300 og þá túngarðurinn eldri en það gos.

Sýni 2 (Sö-2) Sörlastaðir. Gjóskulag sem leggst ofan á eldri túngarð.

Þetta gjóskulag hefur samsetningu sem samsvarar til uppruna innan Grímsvatnakerfisins (sjá plott fyrir gjóskusýni frá Fnjóskadal, röð 2). Samsetningin er slík að aðeins Grímsvatnalög frá 12 til 14 öld hafa sambærilega samsetningu og eru þau sýnd til samanburðar á plottunum. Plottin útiloka tengingu við gjóskuna frá G1305. Þá sitja eftir G1159 og G1357 og í raun er ekki hægt að gera upp á milli þeirra á þessum samsetningargögnum einum saman. En ef yfirliggjandi lagið er frá H1300 þá hlýtur sýni Sö-2 að tilheyra G1159.

Niðurstaðan er þá:

Sýni 1 er úr gjóskulagi sem myndaðist í eldgosi í Heklu árið 1300.

Sýni 2 er úr gjóskulagi sem myndaðist í gosi á Grímsvatnakerfinu um miðja 12. öld.


Þorvaldur Þórðarson

25 Febrúar 2020.

Stafrænar ljósmyndir


Staður	Sveitarfélag	Tákntala	
Sörlastaðir	Þingeyjarsveit		
Sýsla	Dags	Mót	Mynd nr.
S-Þingeyjarsýsla	16/10/2019	NNV	1
Myndavél	Myndefni		
Canon EOS 550D	Yfirlit yfir túngarðinn á		
Ljósmyndari	Sörlastöðum. Fornl. nr. 6:1.		
Bjarni F. Einarsson			

Leyf.nr. 201910-0009
Þjms nr. 2019-94




Staður	Sveitarfélag	Tákntala	
Sörlastaðir	Þingeyjarsveit		
Sýsla	Dags	Mót	Mynd nr.
S-Þingeyjarsýsla	16/10/2019	VNV	2
Myndavél	Myndefni		
Canon EOS 550D	Vinna við garðinn hjá Sörla-		
Ljósmyndari	stöðum. Fornl. nr. 8:1. Garður nr.		
Bjarni F. Einarsson	6:1 t.h.		

Leyf.nr. 201910-0009
Þjms nr. 2019-94




Staður	Sveitarfélag	Tákntala	
Sörlastaðir	Þingeyjarsveit		
Sýsla	Dags	Mót	Mynd nr.
S-Þingeyjarsýsla	16/10/2019	NNV	3
Myndavél	Myndefni		
Canon EOS 550D	Snið í túngarðinn (6:1) á		
Ljósmyndari	Sörlastöðum. Yngri garður		
Bjarni F. Einarsson	kominn í ljós og sá eldri undir.		

Leyf.nr. 201910-0009
Þjms nr. 2019-94




Staður	Sveitarfélag	Tákntala	
Sörlastaðir	Þingeyjarsveit		
Sýsla	Dags	Mót	Mynd nr.
S-Þingeyjarsýsla	16/10/2019	NNV	4
Myndavél	Myndefni		
Canon EOS 550D	Snið í túngarðinn (6:1) á		
Ljósmyndari	Sörlastöðum. Yngri garður		
Bjarni F. Einarsson	kominn í ljós og sá eldri undir.		

Leyf.nr. 201910-0009
Þjms nr. 2019-94




Staður	Sveitarfélag	Tákntala	
Sörlastaðir	Þingeyjarsveit		
Sýsla	Dags	Mót	Mynd nr.
S-Þingeyjarsýsla	16/10/2019	NNV	5
Myndavél	Myndefni		
Canon EOS 550D	Snið í túngarðinn (6:1) á		
Ljósmyndari	Sörlastöðum. Yngri garður		
Bjarni F. Einarsson	kominn í ljós og sá eldri undir.		

Leyf.nr. 201910-0009
Þjms nr. 2019-94



Staður	Sveitarfélag	Tákntala	
Sörlastaðir	Þingeyjarsveit		
Sýsla	Dags	Mót	Mynd nr.
S-Þingeyjarsýsla	16/10/2019	VNV	6
Myndavél	Myndefni		
Canon EOS 550D	Snið í garð 8:1, sem reyndist		
Ljósmyndari	vera náttúrumyndun.		
Bjarni F. Einarsson			


Leyf.nr. 201910-0009
Þjms nr. 2019-94



Stafrænar ljósmyndir


Staður	Sveitarfélag	Tákntala	
Sörlastaðir	Þingeyjarsveit		
Sýsla	Dags	Mót	Mynd nr.
S-Þingeyjarsýsla	16/10/2019	VNV	7
Myndavél	Myndefni		
Canon EOS 550D	Snið í garð 8:1, sem reyndist vera náttúrumyndun.		
Ljósmyndari			
Bjarni F. Einarsson			

Leyf.nr. 201910-0009
Þjms nr. 2019-94




Staður	Sveitarfélag	Tákntala	
Sörlastaðir	Þingeyjarsveit		
Sýsla	Dags	Mót	Mynd nr.
S-Þingeyjarsýsla	16/10/2019	NNV	8
Myndavél	Myndefni		
Canon EOS 550D	Snið í túngarð (6:1). Sjá má að vatn er neðst í skurði.		
Ljósmyndari			
Bjarni F. Einarsson			

Leyf.nr. 201910-0009
Þjms nr. 2019-94




Staður	Sveitarfélag	Tákntala	
Sörlastaðir	Þingeyjarsveit		
Sýsla	Dags	Mót	Mynd nr.
S-Þingeyjarsýsla	16/10/2019	NNV	9
Myndavél	Myndefni		
Canon EOS 550D	Snið í túngarð (6:1). Sjá má að vatn er neðst í skurði.		
Ljósmyndari			
Bjarni F. Einarsson			

Leyf.nr. 201910-0009
Þjms nr. 2019-94




Staður	Sveitarfélag	Tákntala	
Sörlastaðir	Þingeyjarsveit	6	
Sýsla	Dags	Mót	Mynd nr.
S-Þingeyjarsýsla	16/10/2019	V	10
Myndavél	Myndefni		
Canon EOS 550D	Snið í 8:1. Sjá má að vatn er neðst í skurði.		
Ljósmyndari			
Bjarni F. Einarsson			

Leyf.nr. 201910-0009
Þjms nr. 2019-94




Staður	Sveitarfélag	Tákntala	
Sörlastaðir	Þingeyjarsveit		
Sýsla	Dags	Mót	Mynd nr.
S-Þingeyjarsýsla	16/10/2019	VNV	11
Myndavél	Myndefni		
Canon EOS 550D	Snið í 8:1. Sjá má að vatn er neðst í skurði. Örin sýnir viðarkol.		
Ljósmyndari			
Bjarni F. Einarsson			

Leyf.nr. 201910-0009
Þjms nr. 2019-94



Staður	Sveitarfélag	Tákntala	
Sörlastaðir	Þingeyjarsveit		
Sýsla	Dags	Mót	Mynd nr.
S-Þingeyjarsýsla	16/10/2019	NV	12
Myndavél	Myndefni		
Canon EOS 550D	Snið í 8:1, norðurhluti. Sjá má að vatn er neðst í skurði. Örin sýnir viðarkol.		
Ljósmyndari			
Bjarni F. Einarsson			


Leyf.nr. 201910-0009
Þjms nr. 2019-94



Stafrænar ljósmyndir


Staður	Sveitarfélag	Tákntala	
Sörlastaðir	Þingeyjarsveit		
Sýsla	Dags	Mót	Mynd nr.
S-Þingeyjarsýsla	16/10/2019	VNV	13
Myndavél	Myndefni		
Canon EOS 550D	Snið í 8:1, norðurhluti. Sjá má að vatn er neðst í skurði. Örin sýnir viðarkol.		
Ljósmyndari			
Bjarni F. Einarsson			

Leyf.nr. 201910-0009
Þjms nr. 2019-94




Staður	Sveitarfélag	Tákntala	
Sörlastaðir	Þingeyjarsveit		
Sýsla	Dags	Mót	Mynd nr.
S-Þingeyjarsýsla	16/10/2019	NNV	14
Myndavél	Myndefni		
Canon EOS 550D	Snið í túngarð (6:1). Sjá má að vatn er orðið vandamál, sést varla í eldri garðinn.		
Ljósmyndari			
Bjarni F. Einarsson			

Leyf.nr. 201910-0009
Þjms nr. 2019-94




Staður	Sveitarfélag	Tákntala	
Sörlastaðir	Þingeyjarsveit		
Sýsla	Dags	Mót	Mynd nr.
S-Þingeyjarsýsla	16/10/2019	NNV	15
Myndavél	Myndefni		
Canon EOS 550D	Hluti af eldri túngarðinum (6:1). Sjá má þverstreng.		
Ljósmyndari			
Bjarni F. Einarsson			

Leyf.nr. 201910-0009
Þjms nr. 2019-94




Staður	Sveitarfélag	Tákntala	
Sörlastaðir	Þingeyjarsveit		
Sýsla	Dags	Mót	Mynd nr.
S-Þingeyjarsýsla	16/10/2019	NNV	16
Myndavél	Myndefni		
Canon EOS 550D	Hluti af eldri túngarðinum (6:1). Sjá má þverstreng.		
Ljósmyndari			
Bjarni F. Einarsson			

Leyf.nr. 201910-0009
Þjms nr. 2019-94




Staður	Sveitarfélag	Tákntala	
Sörlastaðir	Þingeyjarsveit		
Sýsla	Dags	Mót	Mynd nr.
S-Þingeyjarsýsla	16/10/2019	NNV	17
Myndavél	Myndefni		
Canon EOS 550D	Hluti af eldri túngarðinum (6:1). Sjá má þverstreng.		
Ljósmyndari			
Bjarni F. Einarsson			

Leyf.nr. 201910-0009
Þjms nr. 2019-94



Staður	Sveitarfélag	Tákntala	
Sörlastaðir	Þingeyjarsveit		
Sýsla	Dags	Mót	Mynd nr.
S-Þingeyjarsýsla	16/10/2019	NNV	18
Myndavél	Myndefni		
Canon EOS 550D	Yngri og eldri túngarður (6:1). Sjá má þverstreng.		
Ljósmyndari			
Bjarni F. Einarsson			


Leyf.nr. 201910-0009
Þjms nr. 2019-94



Stafrænar ljósmyndir


Staður	Sveitarfélag	Tákntala	
Sörlastaðir	Þingeyjarsveit		
Sýsla	Dags	Mót	Mynd nr.
S-Þingeyjarsýsla	16/10/2019	NNA	19
Myndavél	Myndefni		
Canon EOS 550D	Horft heim að Sörlastöðum.		
Ljósmyndari	Garðarnir um miðja mynd.		
Bjarni F. Einarsson			

Leyf.nr. 201910-0009
Þjms nr. 2019-94




Staður	Sveitarfélag	Tákntala	
Sörlastaðir	Þingeyjarsveit		
Sýsla	Dags	Mót	Mynd nr.
S-Þingeyjarsýsla	16/10/2019	NNA	20
Myndavél	Myndefni		
Canon EOS 550D	Horft heim að Sörlastöðum.		
Ljósmyndari	Garðarnir um miðja mynd.		
Bjarni F. Einarsson			

Leyf.nr. 201910-0009
Þjms nr. 2019-94




Staður	Sveitarfélag	Tákntala	
Sörlastaðir	Þingeyjarsveit		
Sýsla	Dags	Mót	Mynd nr.
S-Þingeyjarsýsla	16/10/2019	NNV	21
Myndavél	Myndefni		
Canon EOS 550D	Yngri og eldri túngarður 6:1.		
Ljósmyndari	Svarta lagið gæti verið 1477.		
Bjarni F. Einarsson			

Leyf.nr. 201910-0009
Þjms nr. 2019-94




Staður	Sveitarfélag	Tákntala	
Sörlastaðir	Þingeyjarsveit		
Sýsla	Dags	Mót	Mynd nr.
S-Þingeyjarsýsla	16/10/2019	NNV	22
Myndavél	Myndefni		
Canon EOS 550D	Yngri og eldri túngarður 6:1.		
Ljósmyndari	Svarta lagið gæti verið 1477.		
Bjarni F. Einarsson			

Leyf.nr. 201910-0009
Þjms nr. 2019-94




Staður	Sveitarfélag	Tákntala	
Sörlastaðir	Þingeyjarsveit		
Sýsla	Dags	Mót	Mynd nr.
S-Þingeyjarsýsla	16/10/2019	-	23
Myndavél	Myndefni		
Phantom 4 Pro	Myndin sýnir túnið og		
Ljósmyndari	túngarðinn allan. Norður er t.h.		
Bjarni F. Einarsson			

Leyf.nr. 201910-0009
Þjms nr. 2019-94



Staður	Sveitarfélag	Tákntala	
Sörlastaðir	Þingeyjarsveit		
Sýsla	Dags	Mót	Mynd nr.
S-Þingeyjarsýsla	16/10/2019	-	24
Myndavél	Myndefni		
Phantom 4 Pro	Myndin sýnir túnið og		
Ljósmyndari	túngarðinn allan. Norður er t.h.		
Bjarni F. Einarsson			


Leyf.nr. 201910-0009
Þjms nr. 2019-94



Stafrænar ljósmyndir


Staður	Sveitarfélag	Tákntala	
Sörlastaðir	Þingeyjarsveit		
Sýsla	Dags	Mót	Mynd nr.
S-Þingeyjarsýsla	16/10/2019	-	25
Myndavél	Myndefni		
Phantom 4 Pro	Myndin sýnir túnið og		
Ljósmyndari	túngarðinn allan. Norður er t.h.		
Bjarni F. Einarsson			

Leyf.nr. 201910-0009
Þjms nr. 2019-94




Staður	Sveitarfélag	Tákntala	
Sörlastaðir	Þingeyjarsveit		
Sýsla	Dags	Mót	Mynd nr.
S-Þingeyjarsýsla	16/10/2019	-	26
Myndavél	Myndefni		
Phantom 4 Pro	Myndin sýnir vesturhluta túnsins.		
Ljósmyndari	Norður er t.h.		
Bjarni F. Einarsson			

Leyf.nr. 201910-0009
Þjms nr. 2019-94



Staður	Sveitarfélag	Tákntala	
Sörlastaðir	Þingeyjarsveit		
Sýsla	Dags	Mót	Mynd nr.
S-Þingeyjarsýsla	16/10/2019	-	27
Myndavél	Myndefni		
Phantom 4 Pro	Myndin sýnir vesturhluta túnsins.		
Ljósmyndari	Norður er t.h.		
Bjarni F. Einarsson			

Leyf.nr. 201910-0009
Þjms nr. 2019-94



<i>Staður</i>		<i>Sveitarfélag</i>		<i>Sýsla</i>		<i>Eining númer</i>
Sörlastaðir		Þingeyjarsveit		S-Þingeyjarsýsla		1
<i>Tekið dags</i>		<i>Þjms. nr.</i>		<i>Teg. sýnis</i>		<i>Greiningaraðferð</i>
16/10/2019		2019-94		Gjóska		Uppruni og aldur
<i>Niðurstaða</i>						<i>Mannvirki</i>
						Y fir eldri túngarði
<i>Áætlaður aldur</i>		<i>% af einingu</i>		<i>Graftaraðferð</i>		<i>Sýnið tók</i>
1477		-		Pröbagreining		Kristján Mímisson
<i>Staðfestur aldur</i>		<i>Rúmmal</i>		<i>Dýpi</i>		<i>Lag</i>
X		Y		Z		<i>Númer lags</i>
-		-		-		Gjóskulag
<i>Athugasemdir</i>						
Lagið var svart og á milli túngarða. Sent til Þorvaldar Þórðarsonar í okt. 2019.						<i>Fjöldi fata/poka</i>
						1
						<i>Blöndun</i>
						Nei
						<i>Rakastig</i>
						-

<i>Staður</i>		<i>Sveitarfélag</i>		<i>Sýsla</i>		<i>Eining númer</i>
Sörlastaðir		Þingeyjarsveit		S-Þingeyjarsýsla		2
<i>Tekið dags</i>		<i>Þjms. nr.</i>		<i>Teg. sýnis</i>		<i>Greiningaraðferð</i>
16/10/2019		2019-94		Gjóska		Uppruni og aldur
<i>Niðurstaða</i>						<i>Mannvirki</i>
						Eldri garður
<i>Áætlaður aldur</i>		<i>% af einingu</i>		<i>Graftaraðferð</i>		<i>Sýnið tók</i>
< 1477		-		Pröbagreining		Kristján Mímisson
<i>Staðfestur aldur</i>		<i>Rúmmal</i>		<i>Dýpi</i>		<i>Lag</i>
X		Y		Z		<i>Númer lags</i>
-		-		-		Gjóskulag
<i>Athugasemdir</i>						
Tekið úr þverstreng í eldri garði. Sent til Þorvaldar Þórðarsonar í okt. 2019.						<i>Fjöldi fata/poka</i>
						1
						<i>Blöndun</i>
						Nei
						<i>Rakastig</i>
						-

Teikn. nr. 1	Staður Sörlastaðir	Sveitarfélag Þingeyjarsvseit	Tákntala 	Sýsla S-Þingeyjarsýsla	Þjms. nr. 2019-94
Teiknari Kristján Mímisson	Dags 16.10.2019	Myndefni aðal Snið í túngarða	Stærð A3	Frumt. x	Hreint.
					Leyf.nr. 201910-0009

Athugasemdir

Mannvirki

Fornleifar nr. 6:1.
Túngarðar á
Sörlastöðum


X SV-horn

-

Y SV-horn

-

Teikning



Teikn. nr. 2	Staður Sörlastaðir	Sveitarfélag Þingeyjarsvseit	Tákntala 	Sýsla S-Þingeyjarsýsla	Þjms. nr. 2019-94
Teiknari Bjarni F. Einarsson	Dags 20.12.2019	Myndefni aðal Snið í túngarða	Stærð -	Frumt. -	Hreint. x
					Leyf.nr. 201910-0009

Athugasemdir

Mannvirki

Fornleifar nr. 6:1.
Túngarðar á
Sörlastöðum

X SV-horn

-

Y SV-horn

-

Teikning

